

Aðalfundur MS-félags Íslands árið 2024

Aðalfundur félagsins haldinn 13. maí kl. 17.00.

Fundurinn haldinn í húsi félagsins að Sléttuvegi 5, fundurinn er bæði staðfundur og fjarfundur. 20 manns mættu í hús og 2 voru á fjarfundi. Í byrjun fundar voru bornar fram veitingar.

Hjördís Ýrr Skúladóttir formaður setti fundinn og bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður lagði til **Sigurbjörgu Ármannsdóttur** sem fundarstjóra, samþykkt með lófaklappi. Sigurbjörg þakkaði traustið og tók við fundarstjórn. Fundarstjóri kom með tillögu að fundarritara, **Berglinni Guðmundsdóttur**, samþykkt með lófaklappi. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan.

b) Skýrsla stjórnar.

Hjördís Ýrr formaður las skýrslu stjórnar. Fór hún yfir helstu þætti í starfi félagsins.

- Breytingar: Ingdís Líndal hætti eftir 20 ára starf hjá MS-félaginu og henni færðar þakkir fyrir sín störf. Félagsráðgjafi félagsins er í leyfi og stefnt að því að ráða félagsráðgjafa síðar á árinu. Flikkað uppá skrifstofu m.a. með nýjum hillum, gardínum o.fl.
- Þjónusta: Skrifstofa var opin alla virka daga og þar mátti nálgast upplýsingar um námskeið og þjónustu félagsins. Ráðgjöf félagsráðgjafa og sálfræðings var vel nýtt og aukning milli ára. Nú eru tveir sálfræðingar starfandi hjá félaginu. Fjarviðtöl við félagsráðgjafa og sálfræðing einnig í boði.
- Námskeið: MS þrek og jóga, léttar æfingar á FB á vorönn, tvö námskeið fyrir nýgreinda og eitt fyrir aðstandendur. Sjósund í Nauthólsvík og Hjalteyri. „Sterkari ÉG“ í Reykjavík og á Suðurnesjum.
- Viðburðir: Páskabingó '24, MS-kaffi, Reykjavíkurmaraþon.
- Útgáfa: MS-blaðið, gefið út á prenti og rafrænu formi, tvö blöð á ári. Blaðið er sent út til félagsmanna sem þess óska, styrktaraðila, fagaðila og stofnana. Einnig heldur félagið úti heimasíðu, facebook síðu og instagram síðu. Stöðug þróun og virkni í á samfélagsmiðlum.
- Alþjóðadagur MS 31.maí 2023: Þema dagsins var tengsl og mikilvægi þeirra. Vekja athygli á málefnum fólks með MS og miðla fræðslu. Haldin var sumaráttíð með hefðbundnu sniði fyrir alla fjölskylduna á Sléttuveginum, Veitingar, hoppukastali og sónlistaratriði. Í tilefni alþjóðadagsins unnu listakonurnar María Pétursdóttir og Hrund Jóhannesdóttir vegglistaverk á gaff MS-hússins. Listakonan Lydia gerði borða með áletrun. Í tengslum við alþjóðadaginn var sýnd í Háskólabíói, heimildamyndin „The Art of Rebellion“ um listakonuna Lydia Emily sem er með MS. Félagið fékk í kjölfarið sýningaréttinn á Íslandi án greiðslu og stefnt á sýningu í haust. Maríu

MS BAS AS VE
BS AO

Pétursdóttur þakkað vinnu við vegglistaverk og aðstoð við að útbúa forsiðu á MS blaðið.

- Vitundarvakning maí '23: Ungt fólk í brennidepli. Viðtöl í MS-blaðinu. Videó á samfélagsmiðlum.
- Afmælisráðstefna MS-félag 55 ára -sept '23: Um 150 manns mættu og einnig var ráðstefnunni streymt. Fyrirlestrar, pallborðsumræður, kaffi og veitingar. Fyrirlesarar voru Ólafur Árni taugalæknir, Sigrún sálfræðingur og Hjördís Ýrr formaður. Tveir heiðursfélagar útnefndir, þær Berglind Guðmundsdóttir og Bergþóra Bergsdóttir.
- Úr starfi félagsins: Kröftugt starf einkenndi félagið á árinu og einnig lagði félagið ýmsum málum lið. Þar er helst að nefna að komið var á MS-kaffi, hittingi á Sléttuveginum. Vel sótt og þarf framtak og húsið okkar betur nýtt. Viðræður við félagið Einstök börn um samstarf þegar börn greinast með MS. Styrktarsjóður ungra námsmanna úthlutaði níu styrkjum. Sóttir fundir með félags- og vinnumarkaðsráðherra um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs, búsetumál og hvíldar-/endurhæfingainnlögn, um þjónustu Landspítala, með forustumönnum Lífsvirðingar-félags um dánaraðstoð. Einnig veit umsögn um frumvarp um endurskoðun á almannatryggingakerfinu. Þá taka fulltrúar MS-félagsins virkan þátt í starfi ÖBÍ. Félagshópur HVELLUR fyrir 35 ára og eldri stofnaður. Stofnaður facebook hópur á Austurlandi sem áformar að hittast reglulega.
- Styrkir og fjáröflun. Þar ber helst að nefna styrki frá ÖBÍ, Heilbrigðisráðuneyti, Reykjavíkurborg og Reykjavíkumaraþoni. Fjáröflun félagsins, sala á dagatali og kortum, tekjur frá sölu á auglýsingum og styrktarlínum í MS-blaðið o.fl.
- Stefnumótun. Unnið var út frá gildunum: jafnvægi, traust, stuðningur og sett fram fjögur meginmarkmið: bætt félag, beitt aðhald, breytt umgjörð, betri ásýnd. Framtíðarsýn 2027. Með jafnvægi að leiðarljósi styður MS-félagið við fjölbreyttar þarfir MS fólks á öllum aldri og alls staðar á landinu í virku samstarfi við önnur félagasamtök og stjórnvöld.
- Erlent samstarf. Félagið er mjög virkt í erlendu samstarfi. Þar ber fyrst að nefna Norræna ráðið. Sameiginlegt verkefni um vinnumarkaðinn og MS, skýrsla væntanleg í sept. '24. Fundur í NMSR og EMSP í Brussel '24, yfirskrift MS - í átt að sjálfbærni og heilbrigðari kerfum í Evrópu. Rafrænn fundur Alþjóðasamtakanna MSIF í London '23. Tókum þátt í IMSS könnun á vegum Evrópusamtakanna um einkenni MS. Niðurstöður væntanlegar og einnig sérstök skýrsla um niðurstöður fyrir Ísland.
- Fram undan. Á alþjóðadaginn 29. maí verður hefðbundin sumarhátíð á Sléttuveginum. Samstarf við TAKK þar sem farið verður í styrktar söfnun fyrir félagið með áherslu á söfnun stoðvina. Reykjavíkumaraþon 24. ágúst. Hvað fræðsluefni varðar er til skoðunar bæklingur og efni fyrir börn og einnig að uppfæra fræðsluefni.
- Skellur (Ungmennaráðið): Lára Björk Bender formaður kynnti starfið. Skellur heldur úti facebook síðu, WhatsApp spjallhópi og tölvupósti. Viðburðir: keila, spilakvöld á Spilavinum. Skellur fékk styrk frá Oddfellow stúkunni Skúla fógeta kr. 300.000. Fram undan er árshátíð, hlaupahópur fyrir maraþon og minni

[Handwritten signatures and initials]
B.S. AO VGE

viðburðir næsta haust og vetur. Fræðsla frá Eddu Þórunni lækni sem er sjálf með MS og hefur hug á að fá taugalækni með í fræðslu fyrir hópinn.

c) Endurskoðaðir ársreikningar.

Berglind Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri fór yfir ársreikninga félagsins í fjarveru Berglindar Sigurðardóttur gjaldkera.

- Rekstrartekjur árið 2023 eru kr. 50.881.019 og rekstrargjöld árið 2023 eru kr. 65.102.020. Tap ársins fyrir afskriftir fasteigna er kr. 8.236.307. Afskrift fasteignar er kr. 3.988.578. og tap ársins eftir afskriftir kr. 12.224.885.
- Efnahagsreikningur. Eignir félagsins eru kr. 217,462.719. Þar af er húseign félagsins Sléttuvegur 5 kr. 124.288.180. Eigið fé er ávaxtað í ýmsum sjóðum, m.a. varasjóði, viðhaldssjóði og fræðslusjóði.
- Tekjur þessar helstar: framlag ríkis og Reykjavíkurborgar kr. 5.000.000, styrkir kr. 8.926.018, leigutekjur af Sléttuvegi 5 kr. 6.610.000, MS-blaðið auglýsingatekjur 8.801.435, kvöldsöfnun kr. 14.755.000.
- Rekstarkostnaður: Stærstu útgjöldin eru launakostnaður 18.960.294, rekstur skrifstofu kr. 2.503.695, rekstur húsnæðis kr. 10.165.947, félags og sálfræðikostnaður kr. 5.531.900, kostnaður við kvöldsöfnun kr. 5.611.540 og kostnaður vegna MS-blaðsins. Annar kostnaður er m.a. funda og ferðakostnaður, námskeið og fræðsla, styrkir og prentkostnaður.

Reikningar félagsins eru endurskoðaðir af KPMG og skoðunarmanni félagsins.

d) Umræða um og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og ársreikningum.

Skýrsla stjórnar og ársreikningar borin undir atkvæði. Framkvæmdarstjóri fór yfir halla á ársreikningum. Þar vegur þungt að kröfur vegna kvöldsöfnunar innheimtust illa. Margir sem lofuðu gátu ekki greitt. Félagið mun leita annara leiða til að safna styrkjum. Félagið á fyrir tapi og mun það ekki koma niður á starfsemi. Skýrsla stjórnar, skýrsla Skells og ársreikningar bornir undir atkvæði og hvort tveggja samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

e) Upphæð árgjalds ákveðin.

Fyrir liggur tillaga stjórnar um að árgjald félagsins fyrir árið 2024 verði óbreytt eða kr. 3.000. María Pétursdóttir spurði hvort árgjaldið gæti verið valkvætt, þeir sem væru blankir borguðu minna. Því er til að svarað að árgjaldið er bundið í lögum félagsins. Tillaga stjórnar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þorsteinn Árnason Sürmeli spurði hvort árgjaldið hefði ekki fylgt verðlagsþróun, það væri lágt. Því er til svarað að svo væri ekki. Árgjaldið hefði verið hækkað fyrir nokkrum árum um 500 kr. eftir að hafa verið óbreytt í mörg ár. Ekki væri ástæða til að hafa árgjaldið hærra miðað við stöðu félagsins.

f) Lagabreytingar.

Engar tillögur um lagabreytingar hafa borist.

g) Kosning stjórnar, fyrsta og annars varastjórnarmanns.

Stjórn MS-félags Íslands 2022-2023:

Aðalmenn

Hjördís Ýrr Skúladóttir, formaður (kjörin til 2ja ára á aðalfundi 2023)
Alvar Óskarsson (kjörinn til 2ja ára á aðalfundi 2023)
Ingibjörg Magnúsdóttir (kjörin til 2ja ára á aðalfundi 2023)
Berglind Sigurðardóttir (lýkur kjörtímabili og sækist eftir endurkjöri)
Berglind Björgúlfsdóttir (lýkur kjörtímabili, sækist ekki eftir endurkjöri)

Varamenn

Thelma Björg Árnadóttir (kjörin til 2ja ára á aðalfundi 2023)
Vigdís Ingólfssdóttir (lýkur kjörtímabili og sækist eftir endurkjöri)

Samkvæmt lögum félagsins skal að þessu sinni kjósa um tvö sæti í aðalstjórn og eitt í varastjórn.

Í framboði til aðalstjórnar eru:

Berglind Sigurðardóttir og Þorsteinn Árnason Sürmeli

Engin frekari framboð bárust og teljast Berglind Sigurðardóttir og Þorsteinn Árnason Sürmeli því réttkjörin. Þorsteinn kynnti sig en hann er kennari og doktorsnemi með MS. Hann er spenntur fyrir starfi félagsins.

Í framboði til varastjórnar er Vigdís Ingólfssdóttir.

Engin önnur framboð bárust og telst Vigdís Ingólfssdóttir því réttkjörin.

Fundarstjóri tilkynnir að stjórn MS-félags Íslands kjörin á aðalfundi 13. maí 2024 sé svohljóðandi:

Hjördís Ýrr Skúladóttir, formaður
Alvar Óskarsson
Þorsteinn Árnason Sürmeli
Berglind Sigurðardóttir
Ingibjörg Magnúsdóttir

Varamenn:

Vigdís Ingólfssdóttir
Thelma Björg Árnadóttir

h) Kosning skoðunarmanna reikninga

Stjórn leggur til að:

Kristrún H. Ingólfssdóttir, löggiltur
endurskoðandi hjá KPMG og
Ingveldur Jónsdóttir séu
skoðunarmenn reikninga.

Tillaga stjórnar samþykkt með öllum
greiddum atkvæðum.

i) Kosning fulltrúa MS-félags Íslands á
aðalfund ÖBÍ

Til kjörs eru:

Aðalmenn:

Hjördís Ýrr Skúladóttir
María Pétursdóttir
Ingibjörg Snorra

Varamenn:

Handwritten signatures and initials: HJÖRDIS ÝRR SKÚLADÓTTIR, MARÍA PÉTURSDÓTTIR, INGIBJÖRG SNORRA, and other initials.

Alvar Óskarsson
Dagbjört Anna Gunnarsdóttir
Berglind Ólafsdóttir

Félagar geta boðið sig fram á fundinum og bauð Sigurveig Hjaltsted Þórhallsdóttir sig fram sem varamann á aðalfund ÖBÍ.

Fulltrúar MS-félags Íslands á aðalfundi ÖBÍ eru:

Aðalmenn:

Hjördís Ýrr Skúladóttir
María Pétursdóttir
Ingibjörg Snorra

Varamenn:

Alvar Óskarsson
Dagbjört Anna Gunnarsdóttir
Sigurveig Hjaltsted Þórhallsdóttir

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

j) Kosning nefnda

Ritnefnd:

Berglind Ólafsdóttir er ritstjóri og í ritnefnd situr formaður félagsins hverju sinni.

Að auki bárust framboð frá:

Berglindi Guðmundsdóttur,
Bergþóru Bergsdóttur,

i) Önnur mál

Undir liðnum önnur mál er eitt mál. Berglind Björgúlfsdóttir kvödd eftir sex ára óeigingjarnt starf fyrir félagið. Fékk hún gjöf og lófaklapp. María Pétursdóttir upplýsti að Árskógarhópurinn er byrjaður að hittast á ný á kaffihúsum. Hægt að ganga í hópinn á fb MSFF – engin aldursmörk og öll velkomin.

Engin önnur mál bárust.

Fundarstjóri þakkar góðan fund og slítur fundi kl.18.20

Dagbjörtu Önnu Gunnarsdóttur og
Sigurbjörgu Ármannsdóttur.

Þorsteinn Árnason Sürmeli bauð sig fram á fundinum.

Ritnefndin svo kjörin með öllum greiddum atkvæðum.

Viðburðanefnd:

Framboð bárust frá:

Guðfinnu Konráðsdóttur og
Lilju Aðalbjörgu Þórðardóttur.

Á fundinum buðu sig fram:
Berglind Björgúlfsdóttir
Vigdís Ingólfssdóttir
Brynja Sif Bjarnadóttir


Viðburðanefnd svo kjörin á aðalfundi 2024 með öllum greiddum atkvæðum.

Ungmennaráð:

Framboð til Skells MS
(Ungmennaráðs) hafa borist frá:

Láru Björk Bender, formaður
Ingveldur Anna Þorsteinsdóttir
Svanhildi Sigríði Mar.
Íris Dröfn Magnúsdóttir(til vara)

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



Berglind Guðmundsdóttir
Berglind Guðmundsdóttir, fundarritari

Hjördís Yrr Skúladóttir
Hjördís Yrr Skúladóttir, formaður

Alvar Óskarsson
Alvar Óskarsson

Berglind Sigurðardóttir
Berglind Sigurðardóttir

Þ. Þórunn
Þorsteinn Árnason Sürmeli

Ingbjörg Magnúsdóttir
Ingbjörg Magnúsdóttir (May 31, 2024 11:54 GMT)

Ingbjörg Magnúsdóttir

Vigdís Ingólfssdóttir
Vigdís Ingólfssdóttir

Thelma Björg
Thelma Björg Árnadóttir (May 31, 2024 12:02 GMT)

Thelma Björg Árnadóttir









Undirrituð fundargerð

Final Audit Report

2024-05-31

Created:	2024-05-31
By:	Berglind Ólafsdóttir (berglindo@msfelag.is)
Status:	Signed
Transaction ID:	CBJCHBCAABAAAd5uoLl1HfxMx2r69g8OygQCe4p4-rfvZ

"Undirrituð fundargerð" History

-  Document created by Berglind Ólafsdóttir (berglindo@msfelag.is)
2024-05-31 - 9:20:47 AM GMT
-  Document emailed to Ingibjörg Magnúsdóttir (ingamagg@simnet.is) for signature
2024-05-31 - 9:20:56 AM GMT
-  Document emailed to Thelma Björg Árnadóttir (thelmaarnadottir@gmail.com) for signature
2024-05-31 - 9:20:56 AM GMT
-  Email viewed by Ingibjörg Magnúsdóttir (ingamagg@simnet.is)
2024-05-31 - 11:52:57 AM GMT
-  Document e-signed by Ingibjörg Magnúsdóttir (ingamagg@simnet.is)
Signature Date: 2024-05-31 - 11:54:05 AM GMT - Time Source: server
-  Email viewed by Thelma Björg Árnadóttir (thelmaarnadottir@gmail.com)
2024-05-31 - 12:00:31 PM GMT
-  Document e-signed by Thelma Björg Árnadóttir (thelmaarnadottir@gmail.com)
Signature Date: 2024-05-31 - 12:02:26 PM GMT - Time Source: server
-  Agreement completed.
2024-05-31 - 12:02:26 PM GMT